



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

4. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í Skyggerðinni í Hveragerði mánudaginn 5. desember 2016. Fundur var settur kl 10:00.

Fundinn sátu:

Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir formaður, fulltrúi Visit South Iceland ehf
Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Sigurður Rafn Hilmarsson, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Magnús Bragason, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Þorsteinn G. Hilmarsson, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá

Verkefni sl. mánaðar

- **Sýningar**
 - **Vest Norden** var 5.-7. október og gekk vel. Suðurland kom fram sem ein heild þar sem 4 fulltrúar allra svæða skiptust á að standa vaktina. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag. Farið var með eina ferð í tengslum við sýninguna, í Uppsveitir og á Langjökul, fylgdu Þorsteinn og Ásborg gestunum um svæðið. Þegar er byrjað að undirbúa VN á Grænlandi á næsta ári.
 - **World Travel Market** í London var í byrjun nóvember (WTM) og var Íslandsstofa með Íslandsbás eins og undanfarið. Framkvæmdastjóri fór sem fulltrúi markaðsstofa landshlutanna (MAS).
 - **Mannamót** verður haldið 19. janúar í flugskýli flugfélagsins Ernir og hefur undirbúningur verið í gangi. Skráning er hafin.
- **Verkefni í samstarfi við SASS**
 - Framkvæmdastjóri hélt kynningu á helstu niðurstöðum markaðsgreiningar á ársþingi SASS 20. október á Hnappavöllum ásamt því að sinna annarri vinnu við þingið.
 - Vinna að **markaðsgreiningu** fyrir áfangastaðinn Suðurland er á lokametrunum. Fyrstu kynningarfundirnir voru haldnir í lok nóvember og var ágæt mæting. Fundargestir

hafa verið áhugasamir og almenn ánægja með greininguna. Framkvæmdastjóri fór í viðtal í morgunútvarp Rásar 2 vegna hennar.

- Í október voru haldnir fundir með **samstarfshópi um ferðamál** um kortamál á Suðurlandi, mörg kort eru í boði fyrir ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins. Lagt er til að einfalda þessi mál fyrir ferðamenn og starfsfólk upplýsingamiðstöðva og sameina/samræma kort. Í dag eru sex svæðiskort og eitt heildarkort, svæðiskortum yrði fækkað í þrjú.
- Mótuð var tillaga að áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands um samræmingu korta á Suðurlandi. Tillaga var send verkefnastjórn sem samþykkti hana og veitti 2 milljónir í verkefnið.
- Framkvæmdastjóri tók þátt í haustfundi Atvinnuþróunarfélaga á Austurlandi í nóvember en þar var Markaðsstofum landshlutanna boðið sérstaklega.
- Samningsbundin verkefni fyrir SASS eru alltaf í gangi, vinna við Uppbyggingasjóð, samstarfsfundi, verkefnavinnu og fleira.

- **Markaðsstofur landshlutanna (MAS)**
 - Þrír fundir voru haldnir á tímabilinu þar sem mikilvæg verkefni hafa verið rædd og mörgum aðilum boðið til funda, t.d. afþreyingarnefnd SAF, Íslandsstofa, Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála.
 - Samstarfslýsing við Íslandsstofu var til umræðu þar sem mikilvægt er að leggja mat á verkefni og sameiginlegan ávinning samstarfsins. Talsvert rætt um þátttöku á sýningum og vinnustofum. Áherslan árið 2017 verður á að taka meira þátt í vinnustofum.

- **Ferðamálastofa – Stjórnstöð ferðamála**
 - Áfram var unnið með upplýsingaveituverkefni þar sem MSS kom að öryggismálum kjarnaveitna og skilaði tillögum um áhersluverkefni 2017 í þeim málaflokki ásamt Höfuðborgarstofu og Safe Travel. Sér samningur og fjármagn fylgdi því verkefni. Farið verður í áframhaldandi vinnu á næsta ári við undirbúning stofnunar kjarnaveitna og mun fjármagn fylgja þeim verkefnum.
 - **DMP** (e. destination management plan) vinna með Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála hélt áfram. Þrír kynningafundir voru haldnir á Suðurlandi á tímabilinu, á Höfn, í Vík og á Selfossi. Framkvæmdastjóri sótti alla þá fundi.
 - Í undirbúningsfasa DMP voru haldnir fundir með fulltrúum ýmissa svæða á Íslandi og erlendum ráðgjafa þar sem kynnt var sú vinna sem farið hefur fram í stefnumótun og skipulagi á hverju svæði. Dagný og Ragnhildur fóru á slíkan fund ásamt fulltrúum Kötlu jarðvangs.

- Framkvæmdastjóri hélt fyrirlestur um MSS og markaðsgreiningu á Flúðum fyrir aðila í ferðapjónustu og frá menntastofnunum í Skotlandi. Hópurinn var í heimsókn í uppsveitunum sem er þáttur í samstarfsverkefni sem Ásborg ferðamálafulltrúi tekur þátt í.

- Í gangi hefur verið áframhaldandi vinna með ferðamálateymi Fjölheima þar sem Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunetið um nám í ferðapjónustu (skv. skýrslu Stjórnstöðvar).

- Óskað var eftir hækkun á gjaldi Rangárbings eystra fyrir 2017 til samræmis við önnur sveitarfélög og var það samþykkt af sveitarstjórn.

- Áfram er verið að vinna að þróun og gerð **sveitarfélagsíðna** á vefnum south.is. Ein síða er komin í loftið og fleiri eru í vinnslu.
- MSS bauð aðildarfyrirtækjum nýja/bætta þjónustu við að sinna blaðamanna/fjölmiðlafyrirpurnum sem berast fyrirtækjum. Hefur mælst vel fyrir og gefur tækifæri til að ná betri fókus og samræmingu í móttöku fjölmiðla á svæðinu.
- Vinna við samfélagsmiðla og heimasíðu. Fundir með Stefnu vegna uppfærslum og þróun á heimasíðu sem og Ferðamálastofu vegna uppfærslu á gagnagrunni. Ýmsar lausnir til skoðunar.
- Endurprentun á landshlutakorti. Fyrra upplag frá sumri kláraðist svo ákveðið var að endurprenta kortið í 20.000 eintökum til að hafa í dreifingu þangað til nýju kortin væru tilbúin.
- **Ýmsir fundir, ráðstefnur, kynningar**
 - Framkvæmdastjóri fór á fund með KPMG vegna kostnaðar við bókhald.
 - Ferðamálaþing var haldið í Hörpu í lok nóvember, starfsmenn MSS sóttu það.
 - Fundur með íslenska ferðaklasanum um mögulega samstarfsfleti (Startup Tourism).
 - Ýmsir aðrir fundir og samskipti.

Verkefni framundan

- **Sýningar**
 - Mannamót verður 19. janúar, undirbúningur og vinna að fara á fullt.
 - Mid Atlantic verður haldið 26.-28. janúar þar sem MSS verður með fjórfaldan bás eins og á Vestnorden. Þar munu fulltrúar svæða ásamt starfsfólki MSS manna básinn. Send var inn tillaga að post tour.
- **Námskeið** þar sem niðurstöður markaðsgreiningar eru kynntar og fyrirtækjum leiðbeint hvernig þau geta notað niðurstöðurnar verða haldin í janúar. Ferðamálastofa veitti styrk í verkefnið.
- **Samstarfsverkefni SASS** halda áfram, úthlutun úr uppbyggingarsjóð, áhersluverkefni og önnur vinna með SASS. Dagný hefur verið skipuð í starfshóp í verkefni um kortavef og Þorsteinn í verkefni um fjármögnun sveitarfélaga. Þá leiðir Þorsteinn verkefni um sunnlenskar vörur og Ragnhildur er í verkefnastjórn í verkefni um rannsókn á áhrifum ferðaþjónustu á íbúa Suðurlands.
- Fundur í byrjun desember með **samstarfshópi um ferðamál** um samræmingu korta og fleiri mál. Í framhaldi verða svo haldnir fundir með kortagerðarmanni og hönnuði.
- Verkefni vegna DMP vinnu með Stjórnstöð ferðamála halda áfram, næstu skref liggja fyrir og mun sú vinna hefjast í desember. MSS þarf að skila hagaðilagreiningu, mynda svæðisráð og fleira. Svæðisráð er hópur hagaðila af hverju markaðsstofusvæði sem hefur það hlutverk í 1. og 2. verkhluta DMP verkefnisins að ákveða hvernig DMP vinna verður framkvæmd á Suðurlandi, hvort unnið verði með landshlutann í heild eða honum skipt niður í minni einingar. Ferðamálastofa hefur tryggt 5 milljóna króna framlag til þessara verkefna á næsta

ári.

- Verkefni um áhersluverkefni 2017 við myndun kjarnaveita heldur áfram þar sem MSS ásamt Safetravel og Höfðuborgarstofu sjá um öryggismálaþáttinn. Skipt verður verkum og mun fjármagn fylgja verkefnum.
- **Vefur og miðlar**
 - Áframhaldandi vinna við sveitarfélagasíður og fleira á heimasíðunni www.south.is.
 - Byrjað er að móta markaðsáætlun 2017 sem miðar enn frekar að notkun samfélagsmiðla, áhrifavalda og fréttabréfs. Þorsteinn vinnur það í samræmi við niðurstöður markaðsgreiningar.
- Vinna heldur áfram í að skýra verkferla fyrir fjölmiðlafyrirspurnir og blaðamannaferðir ásamt því að sinna þeim fyrirspurnum sem berast.
- Unnið verður að því að styrkja samstarf við aðildarfyrirtæki enn frekar ásamt aðlögun gjaldskrár út frá reynslu nýrrar gjaldskrár.
- Jólafri – lokað verður á skrifstofu MSS milli jóla og nýárs.

Önnur mál

Sýningar 2017

Fastar sýningar eins og Mannamót, Mid-Atlantic og Vestnorden og svo framhaldið skoðað með Markaðsstofum landshlutanna.

Stjórnarfundir 2017

Áfram mánaðarlegir fundir og samþykkt að hafa næsta snertifund í febrúar í Vestmannaeyjum.

Ferðamálasamtök Suðurlands – framhald

Eitt af forgangsverkefnum næsta árs að ganga frá þessum málum varðandi umboð stjórnarmanna í MSS. Rætt um fyrirkomulag, Ása og Þórður koma með tillögur fyrir fund stjórnar.

Drög að fjárhagsáætlun 2017

Drög að fjárhagsáætlun 2017 voru lögð fyrir stjórn og hafði stjórn engar stórar athugasemdir. Unnið verður út frá áherslum markaðsgreiningar. Fjárhagsáætlun verður lögð aftur fyrir næsta fund í janúar, þegar vonandi liggja fyrir betri upplýsingar um fjármagn til ýmissa verkefna.

DMP vinna

Ferðamálastofa búin að tryggja fjármagn í verkefnið á næsta ári sem ætlað er í vinnu tengda DMP. Markaðsstofa Suðurlands fær 5 milljónir 2017.

Tillaga að breyttum aðildargjöld – aðlögun

Skoða frekar og þarf að vera tilbúið fyrir næsta sumar þegar innheimta aðildargjalda fer fram.

Samtal/samstarflýsing við svæði

Dagný kynnir samning sem er í gildi milli Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark. Setja í samstarflýsingu hvert hlutverk hvers aðila er.

Húsnæðismál MSS

Aðstaða í Fjölheimum enn til skoðunar, en búið er að senda beiðni á Sveitarfélagið vegna óska um

aukið rými í húsnæðinu. Ljóst er að leigukostnaður MSS mun hækka, en ekki liggja fyrir nákvæmar upphæðir á þessu stigi. Dagný falið að fá frekari upplýsingar um það.

Verkefni 2017 og mannauður til að sinna því

Enn er nokkuð óljóst um hvernig verkefnum og fjármagni verður háttað, verður skoðað nánar.

Árshátíð MSS

Ánægja með fyrirkomulag síðasta árs, málþing, örfærð og kvöldskemmtun. Farið verður í að skoða staðsetningu og skipuleggja. Lagt til að árshátíðin verði 17. febrúar nk.

Bókunarþjónusta

Dagný lætur vita að upp hafi komið umræða í samstarfshóp markaðsstofa landshlutanna hvort bæta ætti við bókunarmöguleika á síðum landshlutanna. Verið er að skoða þetta á sumum svæðum og misjafnar skoðanir um málefnið.

Stjórn MSS finnst það ekki vera hlutverk markaðsstofanna að sinna þessu hlutverki. Það séu aðrir í þessu.

Fundi slitið 12:30